

Maskínukönnun


71. grein þingskaparlaga

Júlí 2025




Maskína

Finnst þér það hafa verið rétt eða röng ákvörðun hjá forseta Alþingis að beita 71. grein þingskapsarlaga á 2. umræðu um veiðigjaldafrumvarpið og knýja þannig fram atkvæðagreiðslu?



Finnst þér það hafa verið rétt eða röng ákvörðun hjá forseta Alþingis að beita 71. grein þingskapslaga á 2. umræðu um veiðigjaldafrumvarpið og knýja þannig fram atkvæðagreiðslu?



Fjöldatölur eru við hvern hóp. Aðeins er greint eftir bakgrunni fyrir þá hópa þar sem 5 eða fleiri svöruðu spurningunni.

Markmið og framkvæmd

Könnunin var lögð fyrir **Þjóðgátt Maskínu**, sem er þjóðhópur fólks (e. panel) sem dreginn er með tilviljun úr Þjóðskrá, á netinu. Svarendur eru alls staðar að af landinu og á aldrinum 18 ára og eldri. Svör voru vegin samkvæmt mannfjöldatölum Hagstofunnar um kyn, aldur, búsetu og menntun þannig að þau endurspeglu þjóðina prýðilega. Við vigtun svara getur birst örlítið misræmi í fjöldatölum og hlutföllum sem orsakast af námundun.

Könnunin fór fram dagana **18. til 23. júlí 2025** og voru svarendur **1.004** talsins.

Í könnunum Maskínu er þess gætt sérstaklega að úrtök endurspegli fjölbreytileika samfélagsins – svo sem hvað varðar aldursdreifingu, búsetu og menntunarstig. Upplýsingar um dreifingu svarenda eftir ólíkum hópum eru birtar með niðurstöðum hverju sinni svo fjölmiðlar og aðrir notendur geti lagt sjálfstætt mat á gæði mælinganna og hvaða viðhorf þær endurspeglu.

Notkun á niðurstöðum úr þessari Maskínukönnun er heimil svo fremi sem vísað sé til heimilda og þess sé getið skýrt hver uppruni gagnanna er.

Stuttar skýringar á tölfræðihugtökum í mælaborði

Meðaltal í könnunum er mæligildi á svonefnda miðsækni svara. Það segir til um hvar þungamiðja svara við tiltekinni spurningu liggur. Formúla meðaltals í orðum er einfaldlega að tölugildi svara allra þátttakenda eru lögð saman og deilt í með fjölda svara.

Staðalfrávik í könnunum er mæligildi á það hve mikið svör við tiltekinni spurningu sem er mæld á samfelldan kvarða dreifast í kringum meðaltal hennar. Þannig að í tiltekinni viðhorfsspurningu þýðir lágt staðalfrávik að lítill munur sé á viðhorfi svarenda og meira að marka meðaltalsviðhorfið en þegar staðalfrávikði er hátt, sem myndi þýða að meiri munur væri á viðhorfi svarenda.

Vikmörk eru talnabil utan um meðaltal sem inniheldur raunverulegt meðaltal í þýði (allir) með 95% vissu.